

Til Fræðsluráðs Hafnarfjarðar

Umsögn leikskólastjóra í Hafnarfirði um innritun barna í leikskóla

Fræðsluráð Hafnarfjarðar ákvað á síðasta fræðsluráðsfundi að leita eftir umsögn leikskólastjóra um fyrirhugaðar breytingar á innritun barna í leikskólana, á þá leið að taka börn inn í leikskóla oftár á ári en nú er. Hvergi hefur komið fram hvort hér sé um tímabundna ráðstöfun að ræða eða hvort verið sé að huga að sveigjanleika og þróun í þágu barna og samstarf og samþættingu milli skólastiga og að börn innritist jafnframt í grunnskóla oftár.

Má þá gera ráð fyrir að átt sé við í janúar 2016 og að um tímabundna ráðstöfun sé að ræða. Umsögnin gengur út frá þeim forsendum. **Um 100 pláss koma þá til með að vera laus frá ágúst 2015 til 1. janúar 2016.**

Í leikskólum skulu velferð og hagur barna höfð að leiðarljósi í öllu starfi. Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og leikskólaárið á sér upphaf að hausti með aðlögun nýrra barna og endi þegar elstu börnin ljúka leikskólagöngu við sumarleyfi. Innritun nýrra barna hefur verið í mars og þau börn sem þá innritast hefja leikskólagöngu að hausti. Ef innrita á börn oftár og að taka á móti börnum og nýju starfsfólki í janúar, hefur það áhrif á þau börn sem fyrir eru og líðan þeirra. Meira álag verður líklega og lengri tíma tekur að ná jafnvægi í barnahópnum. Það truflar leikskólastarfið og hefur áhrif á starfshætti og skipulagt starf.

Í Hafnarfirði hefur undanfarin ár boðist námskeið fyrir þau börn sem byrja í grunnskóla í heimaskóla barnsins. Þar með hafa leikskólarnir getað byrjað aðlögun strax að loknu sumarleyfi og því getað innritað börnin fyrir en í öðrum sveitarfélögum. Teljum við að það sé kostur fyrir börnin og foreldra að geta hafið aðlögun í leikskóla að loknu sumarleyfi. Samstarf og samvinna við foreldra er mikilvægt og vel skal vanda til í upphafi. Foreldrar hafa leitað til leikskólastjóra vegna óánægju með innritun og höfum við svarað þeim eftir bestu getu og vitneskju. Hvort þetta telst meiriháttar breyting á skólastarfi er líka álitamál en þá þarf að leita umsagnar foreldraráðs leikskólanna skv. Lögum um leikskóla 11 grein.

Leiða má líkum að því, að erfiðara sé að fá fagfólk í lausar stöður á miðju skólaári þar sem flestir leikskólakennarar ráða sig til vetrarins. Ef stöður losna við leikskólana höfum við lagt áherslu á að fá fagfólk til starfa.

Það er álit leikskólastjóra að gallarnir við þessa ráðstöfun séu fleiri en kostir og hvetjum við fræðsluyfirvöld að leita annara leiða til að leysa fjárhagsvanda en að fækka tímabundið leikskólaplássum. Við teljum það ekki í þágu heildarhagsmuna þeirra sem að leikskólastarfinu koma, barna, foreldra eða starfsfólks.

Fyrir hönd leikskólastjóra í Hafnarfirði

Ólafía Guðmundsdóttir

Lög um leikskóla segir um innritun barna;

26. gr.

*Reglur um innritun.*

Sveitarstjórn er heimilt að setja reglur um innritun í leikskóla í sveitarfélaginu, enda njóti viðkomandi leikskóli framlags úr sveitarsjóði. Þessar reglur eru annars vegar settar með tilliti til aðstæðna barna og foreldra og hins vegar með tilliti til aðstæðna í leikskólum sveitarfélagsins.

Reglur sveitarstjórnar samkvæmt þessari grein skulu birtar opinberlega og vera aðgengilegar íbúum sveitarfélagsins.

Reglugerðin segir

6. gr.

*Fjöldi barna.*

Leikskólastjóri, að höfðu samráði við sveitarstjórn eða nefnd sveitarfélags sem fer með málefni leikskóla í sveitarfélaginu, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og starfsfólk leikskóla, tekur ákvörðun um fjölda barna í leikskóla hverju sinni. Ákvörðun um fjölda barna og skipulag skólastarfs skal taka mið af samsetningu barnahópsins, dvalartíma barna dag hvern, aldri þeirra og þörfum, samsetningu starfsmannahóps og umfangi sérfræðipjónustu.

Lög um leikskóla 11 grein

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Lög um leikskóla 6 grein

Heimilt er að starfsfólk án leikskólakennaramenntunar taki þátt í að annast uppeldi og menntun barna, enda fáist ekki leikskólakennari til starfsins.